

10. gr.

Reglugjörð þessi gengur í gildi 1. janúar 1929.

84

29. des.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desbr. 1928.

Jónas Jónsson.

*Sigfús M. Johnsen.***REGLUGJÖRÐ**

85

29. des.

um

sölu áfengis til lækninga.

Reglugjörð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, og lögum nr. 69 frá 1928.

1. gr.

1. Um innflutning lyfja, sem áfengi er í, fer eftir nefndum lögum.
2. Rjett er, að læknar, sem lyfsölurjett hafa, afli sjer áfengis og áfengra lyfja frá áfengisverslun ríkisins eða einhverri lyfjabúð hjer á landi, og sendi þá jafnan skriflega sundurliðaða kaupbeiðni. En seljandi skal geyma allar slíkar kaupbeiðnir.
3. Þá er smáskamtalæknum heimilt að kaupa smáskamtalyf með vínanda í í lyfjabúðum. En þeir skulu þá eins og hjeraðslæknar jafnan senda skriflega, sundurliðaða kaupbeiðni, og fylgi hverri slíkri kaupbeiðni meðmæli frá hlutaðeigandi lögreglustjóra og sóknarpresti. Má vínandinn í þeim lyfjum ekki fara fram úr 3 lítrum á ári, nema landlæknir gefi leyfi til þess. Þessar kaupbeiðnir skal seljandinn geyma, sbr. 2. lið þessarar greinar.

2. gr.

„Ómengað áfengi“ (”áfengi eða áfeng lyf“, sbr. 21. gr. laga nr. 64 frá 1928) merkir vínanda (spíritus). Konjak (spir. vini Gallici), vín, sem lggilt er til lækninga og allskonar vínanda — konjaks- og vínblöndur, sem innihalda yfir 5% af hreinum vínanda (spíritus concentratus) — með þeim undantekningum, er hjer segir:

1. Áfengi, sem talið er fullmengað eða hálfmengað, samkvæmt gildandi reglum.

85 2. Lyfjablöndur, sem móti 100 gr. af spiritus concentratus hafa inni
29. des. að halda ferfaldan stærsta-skamt (dosis maxima) af eiturlyfjum
(sbr. gildandi lyfjaskrá).

3. Extracta fluida, Liquor pectoralis, Vinum chinae ferratum og aðrar þess konar blöndur, sem áfengi er í, t. d. Liquor ferri albuminati og áþekk járnlyf, ennfremur jurtaseyði, sem að styrkleika jafngilda þunga jurtanna.

4. Lyfjablöndur, sem móti 100 gr. af spiritus concentratus hafa inni að halda þann þunga, er hjer segir af þeim lyfjum, er nú skal greina:

Acidum aceticum	10	grm.
— gallotannicum	10	—
— hydrochloratum	10	—
— salicylicum	10	—
Aetheroleum sinapis	2	—
— terebinthinæ og aðrar ætheriskar olíur, ennfremur Eucalyptol og		
Eugenol	5	—
Aloe	2	—
Anthrasol	5	—
Benzin	20	—
Benzol	20	—
Camphora	10	—
Chininum og chininsölt	2	—
Collodium	30	—
Creolin	2	—
Chloretum ferricum	5	—
Glycerin	100	—
Ichthyol og þvílík efni	5	—
Jod	5	—
Kreosot	2	—
Kresolum crudum	2	—
Liquor carbonis detergens	5	—
— kresoli saponatus (Lysol)	4	—
Menthol	5	—
Naphtol	2	—
Oleum ricini	30	—
Phenol	2	—
Sol. subacetatis alum.	20	—
— ammoniaci	10	—
— formaldehydi	5	—
— superoxydi hydrog	100	—

Sol. subacetatis plumbici	10 grm.	85
Sápur, alls konar	10 —	29. des.
Thymol	5 —	
Tjörur, alls konar	5 —	

3. gr.

Lyfsölum og læknum er ekki heimilt að selja ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) til neins annars en lækninga, sjúkdómsrannsókna og annara iðkana í læknavísindum. Er læknum stranglega bannað að afhenda, eða ávísa ómengað áfengi í þeim tilgangi, að það verði öðruvísi notað. Þetta gildir einnig um smáskamtalækna og dýralækna.

4. gr.

Ekkert ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) má láta úti úr lyfjabúð, nema eftir löglegri beiðni, eða lyfseðli frá lækni, þar með taldir tannlæknar og dýralæknar, og ekki nema einu sinni eftir sama lyfseðli; skal honum haldið eftir í lyfjabúðinni.

Á ílát hvers áfengislyfs, sem látið er af hendi, skal jafnan, auk nafns lyfjabúðarinnar og fyrirsagnar um notkunina, einnig rita sjálfa forskriftina.

5. gr.

Í hverri lyfjabúð skal hafa tvær bækur til vitnis um áfengisöluna:

a. Vinnustofubók („Laboratoriumsjournal“).

Í hana skal rita öll þau lyf, sem búin eru til eða sett saman í lyfjabúðinni og áfengi er í. Skal þess getið við hvert lyf, hvenær það var búið til, hve mikið af því og hve mikið áfengi (Spir. conc.) fór í það. Heilbrigðisstjórnin ræður annars fyrirkomulagi á þessari bók.

b. Eyðslubók.

Í hana skal lyfsali rita, í lok hvers mánaðar, hversu mikið hann hefir selt af ómengðu áfengi sbr. 4. gr. og a.-lið þessarar greinar. Í þeirri bók skal þess greinilega getið, hversu mikið af áfengi og áfengum lyfjum hafi verið selt læknum, sem lyfsölurjett hafa, og tilfærð nöfn þeirra. Að öðru leyti ræður heilbrigðisstjórnin tilhögun þessarar bókar. Í lok hvers mánaðar skal hver lyfsali senda lyfjaverslun ríkisins mánaðarafrit úr þessari bók sinni. Jafnframt skal hann senda alla þá lyfseðla, sem komið hafa til afgreiðslu þann mánuð, og heyra undir ákvæði 4. gr., sbr. einnig 6. gr.

- 85** Ákvæði þessarar greinar taka ekki til hjeraðslækna, sem hafa
 29. des. rjett til lyfjasölu, en þeir skulu samt skyldir til að halda eyðslubók, um alt áfengi og áfeng lyf, er þeir láta úti. Bókin skal færð jafnóðum og úti er látið. Heilbrigðisstjórnin ræður fyrirkomulagi á þessari eyðslubók.

6. gr.

Þegar lækni gefur út lyfseðla upp á ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) skal hann jafnan rita þá á sjerstök eyðublöð, sem landlæknir lætur úti í heftum með 50 tvöföldum, tölusettum eyðublöðum í hverju hefti. Skal lækni skrifa á hvern seðil auk nafns lyfsins og þyngdar, nákvæma fyrir-sögn um notkun þess, útgáfudag seðilsins, nafn sitt og nafn og heimili sjúklingsins (í bæjum götunafn og húsnafn eða númer).

Lækni skal jafnan er hann gefur út slíkan lyfseðil, skrifa fult afrit af honum á viðfest blað í heftinu. Lækni fær því aðeins ný hefti, að hann sendi landlækni með beiðninni jafnmörg útnotuð hefti, með öllum afritunum í.

Hjeraðslæknar, sem sjálfir hafa lyfjaverslun eru, hver í sínu hjeraði, undanþegnir fyrirmælum þessarar greinar.

7. gr.

Ekki má lækni (mannalækni) nema lög eða reglugerðir mæli öðruvísi fyrir, ávísá meira í einu hvorki sjálfum sjer nje öðrum en svar-ar 200 gr. af spiritus conc., eða hálfflösku (c. 325 gr.) af koníaki, eða heilflösku af öðrum vínun, sem löggilt eru til lækninga, og ekki aftur sama viðtakanda fyr en liðnar eru 3 nætur frá því að kaupin gátu átt sjer stað. Og gildir það einnig, ef lækni veit að sjúklingurinn hefir fengið ómengað áfengi hjá öðrum lækni, og ekki liðnar 3 nætur þar í frá (sbr. 9. gr. 2).

8. gr.

Lyfsalar og afgreiðslumenn þeirra mega ekki:

1. afhenda ómengað áfengi (sbr. 2. gr.) eftir lyfseðli, sem er eldri en 3 mánaða;
2. afhenda meira af áfengi en til er tekið á lyfseðlinum;
3. afgreiða lyfseðil, sem ekki er í samræmi við þessa reglugjörð;
4. afhenda ölvuðum manni ómengað áfengi eftir lyfseðli, nje heldur afgreiða áfengislyfseðil, ef líkur sýnast til að hann sje falsaður, en þá skal lyfsali leggja hald á seðilinn og gera viðkomandi lækni aðvart.

9. gr.

85
29 des.**Enginn má:**

1. biðja lækni um áfengislyfseðil undir fölsku yfirskeyni (t. d. segja rangt til nafns, heimilis eða sjúkdóms) ;
2. biðja lækni um áfengislyfseðil, án þess að segja frá því, ef hann hefir undanfarinn mánuð fengið einn eða fleiri áfengislyfseðla hjá öðrum lækni;
3. reyna að fá keypt meira áfengi en lyfseðill hans nefnir;
4. gefa öðrum áfengisseðil, sem hann hefir fengið.

10. gr.

Heilbrigðisstjórnin ákveður hversu mikið ómengað áfengi hverri lyfjabúð og hverjum lækni, sem rjett hefir til lyfjasölu, verði mest látið í tje árlangt og hversu miklu þeir læknar, tannlæknar og dýralæknar, sem ekki hafa rjett til lyfjasölu, megí ávísa í mesta lagi á ári (sbr. 9. gr. laga nr. 64, 1928).

11. gr.

Um brot gegn þessari reglugerð fer eftir fyrirmælum laga nr. 64 og laga nr. 69 frá 1928.

12. gr.

Þessi reglugjörð gengur í gildi 1. janúar 1929, og fellur þá úr gildi reglugjörð nr. 59 frá 1925.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 29. desbr. 1928.

Jónas Jónsson.

Sigfús M. Johnsen.